

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar
Skýrsla stjórnar
2009 – 2010

Flutt á aðalfundi 14. júní 2010



Efnisyfirlit

Inngangur	2
I. Aðalfundur.....	2
II. Stjórnarfundir	2
III. Samstarf.....	2
IV. Viðburðir á starfsárinu	2
V. Auglýsing atburða.....	4
VI. Tímaritið Garðar	4
VII. Heimasíða.....	4
VIII. Sveitarstjórnarkosningar	4
IX. Annað	5

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu störfum stjórnar sjálfstæðisfélags Garðabæjar sem tók við stjórnarteamum á aðalfundi í júlí 2009. Starfsemin var nokkuð fjölbreytt á þessu tímabili og er sérstaklega ánægjulegt hve margir gestir hafa mætt á þá viðburði sem haldnir hafa verið á tímabilinu.

I. Aðalfundur

Aðalfundur sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ árið 2009 var haldinn 2. júlí í félagsheimilinu Garðatorgi 7. Ný stjórn var kosin á fundinum en hana skipa:

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður
Gullveig Sæmundsdóttir, varaformaður og ritstjóri Garða
Anna Linda Guðmundsdóttir, ritari
Ómar Ingólfsson, gjaldkeri
Elín Thorarensen, skjalavörður
Arnar Laufdal Ólafsson, meðstjórnandi
Eiríkur Sigurjón Svavarsson, meðstjórnandi
Fjóla Grétarsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Gerður Steindórsdóttir, meðstjórnandi

II. Stjórnarfundir

Haldnir voru 14 stjórnarfundir á starfsárinu. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 13. ágúst á heimili Jóns Guðmundssonar. Jón og Áslaug Hulda settu stjórn inn í starfsemi flokksins í bænum, ræddu helstu verkefni/hlutverk stjórnarinnar og væntingar til stjórnar. Á öðrum fundi félagsins fengum við bæjarstjórnann og formann flokksins í heimsókn til okkar. Síðan fundaði stjórnin þar sem mótuð var starfsstefna og skipulag atburða og vinna fram að áramótum skráð niður.

Bæjarfulltrúar sem og kosningastjórar komu á nokkra stjórnarfundum, einkum er líða tók að kosningum. Auk þessa funduðu nefndir nokkrum sinnum til að skipuleggja þá atburði sem þær báru ábyrgð á.

III. Samstarf

Gott samstarf hefur verið við stjórn fulltrúaráðsins en formaður félagsins á sæti í ráðinu fyrir hönd stjórnar. Eins hefur verið gott samstarf við Huginn og hafa fulltrúar þeirra mætt á nokkra fundum auk þess sem samstarf var milli félaganna um útgáfu eins tölublaðs Garða. Á vormisserinu var töluvert samstarf við kosningastjóra og frambjóðendur flokksins í aðdraganda prófkjörs og sveitarstjórnakosninga.

IV. Viðburðir á starfsárinu

19. september. Laugardagskaffi í félagsheimilinu kl. 11-13. Ragnheiður Elín Árnadóttir og Tryggvi Þór Herbertsson alþingismenn ræddu um leiðir út úr kreppunni. Pálmar Ólason spilaði fyrir gesti. Gestir voru um 80 talsins.

10. október. Afmælishátíð í tilefni af 50 ára afmæli félagsins var haldin í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ. Dagskrá hófst á hádegi með súpu og brauði og í kjölfarið hófst umræðuþing þar sem Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins hélt stutt erindi og Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður afmælisnefndar var með kveikju. Síðan var skipt upp í fjóra umræðuhópa þar sem íbúar ræddu um sína skoðun á bæjarfélaginu. Var hverjum hópi stýrt af tveimur umræðustjórum. Að loknu kaffi um miðjan dag voru niðurstöður umræðuhópanna

kynntar og Gunnar Einarsson bæjarstjóri var með samantekt og lokaorð. Um 130 manns tóku þátt í umræðuþinginu.

Þennan sama dag kl. 15.45 hófst afmælisveisla Sjálfstæðisfélagsins þar sem boðið var upp á léttar veitingar, ræður og skemmtiatriði. Um 160 manns tóku þátt í afmælisveislunni. Um kvöldið var svokallað Októberfest í Urðarbrunni FG þar sem boðið var upp á veitingar að hætti Bæjara og Helga Braga og Steinn Ármann sáu um veislustjórn. Um 150 manns tóku þátt í kvölddagskránni.

7. nóvember. Laugardagskaffi í félagsheimilinu kl. 11-13. Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins og Sigríður M. Oddsdóttir framkvæmdastjóri Skjás 1 ræddu hvernig við byggjum upp eftir hrunið. Pálmar Ólason spilaði fyrir gesti, veitingar. Gestir voru um 70 talsins.

28. nóvember. Boðið var í Jólakakó eftir að búið var að tendra ljós á jólatrénu á Garðatorgi. Er áætlað að rúmlega 100 manns hafi litið við.

13. janúar. Frami og fjölskyldulíf. Námskeið og vinnusmiðja fyrir allar konur í Garðabæ. Haldið í Vídalínskirkju kl. 18:00 – 22:00. Markmiðið málþingsins var að vekja konur til umhugsunar og hvetja þær til að taka af skarið á ýmsum sviðum. Öllum konum í Garðabæ eldri en 18 ára var boðin þátttaka með persónulegu bréfi í bréfpósti. Viðbrögð voru geysilega góð og mættu um 270 konur.

Fjórir fyrirlesarar fluttu erindi; þau Halla Tómasdóttir hjá Auði Capital, Sigurður Ragnar Eyjólfsson þjálfari kvennalandsliðsins í knattspyrnu, Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Að loknum skemmtilegum og fróðlegum erindum sátu fyrirlesarar fyrir svörum. Eftir stutt matarhlé fór fram vinnusmiðja sem þær Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður Stúdentabjónustu HR og Guðrún Högnadóttir starfsmaður Opna Háskólans í Reykjavík stjórnðu.

Þátttakendur skiluðu inn matsblöðum að námskeiði loknu og óhætt er að fullyrða að afar vel tókst til eins og ummæli þátttakenda gáfu til kynna, en þau voru undantekningarlaust afar jákvæð.

16. janúar. Laugardagskaffi í félagsheimilinu kl. 11-13. Gunnar Einarsson bæjarstjóri fór yfir bæjarmálin. Pálmar Ólason spilaði fyrir gesti, veitingar. Gestir voru um 50 talsins.

27. febrúar. Laugardagskaffi í félagsheimilinu kl. 11-13

Yfirskrift fundarins var: Fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla vegna Icesave – um hvað er í raun verið að kjósa? Illugi Gunnarsson alþingismaður og Eiríkur S. Svavarsson lögmaður ræddu málin og svöruðu fyrirspurnum. Gestir voru um 60 talsins.

6. mars. Opið hús í félagsheimilinu laugardaginn 6. mars milli kl. 11 og 13 í tilefni af þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn verður. Fólk var hvatt til að mæta, ræða málin og fá sér léttar veitingar en þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram þennan dag. Um 60 manns mættu.

20. mars. Páskaeggjaleit. Sjálfstæðisfélagið stóð fyrir páskaleik fyrir börn á öllum aldri á Garðatorgi. Leitað var að hænueggjum á Garðatorgi og börnin fengu súkkulaðiegg að launum. Í félagsheimilinu var tekið vel á móti gestum með léttum veitingum og lifandi tónlist. Rúmlega 300 manns á öllum aldri mættu og tóku þátt í skemmtilegum leik.

Apríl og maí. Stjórnarmenn komu að skipulagningu og aðstoðuðu við hina ýmsu viðburði sem skipulagðir voru vegna sveitarstjórnakosninga. Sjá nánar undir lið VIII.

V. Auglýsing atburða

Laugardagskaffi voru auglýst með netpósti til félagsmanna, auglýsingum í Garðapósti og Morgunblaðinu. Stærri viðburðir s.s. afmælishátíð var ekki auglýst í Morgunblaðinu heldur voru send dreifibréf til allra skráðra félagsmanna í Garðabæ. Eins var gert með Frami og fjölskyldulíf en þá var dreift bréfi til allra kvenna í Garðabæ. Stjörnukrakkar voru fengnir til að bera út þessi dreifibréf gegn gjaldi. Allir atburðir voru einnig kynntir tímanlega á heimasíðu félagsins.

VI. Tímaritið Garðar

Tímaritið Garðar var gefið út þrisvar á starfstíma stjórnar. Ritstjóri allra blaðanna var Gullveig Sæmundsdóttir. Fyrst kom tímaritið út þann 7. Október 2009. Þema blaðsins var saga félagsins í 50 ár og afmælisárið. Annað blaðið kom út 2. febrúar 2010. Blaðið var helgað prófkjöri til sveitarstjórnarkosninga sem fram fór 6. febrúar. Hver frambjóðandi fékk kynningu á einni síðu. Síðasta blað þessa stjórnartímabils kom út 26. maí. Var það blað unnið í samvinnu við Huginn, félag ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ. Blaðið var helgað umfjöllun um kosningamál til sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru 29. maí. Auk þess voru innsög í Garðapóstinn í kjölfar kosninga sem kosningastjórar höfum umsjón með.

VII. Heimasíða

Eitt markmið stjórnar var að efla virkni heimasíðu félagsins meðal annars með tíðum greinarbirtingum. Vel gekk að fá greinar á síðuna og er öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn hér með þakkað fyrir sitt framlag.

Á þriðja ársfjórðungi 2009 voru alls 693 heimsóknir á síðuna, sem þýðir að meðaltali 231 á mánuði eða átta á dag. Á fjórða ársfjórðungi 2009 voru alls 1.276 heimsóknir á síðuna, að meðaltali 425 á mánuði og 14 á dag. Á fyrsta ársfjórðungi 2010 voru alls 4.456 heimsóknir á síðuna, að meðaltali 1.485 á mánuði og 50 á dag. Flestar heimsóknir voru í kringum prófkjör flokksins 6. febrúar og dagana þar á undan og eftir. Á öðrum ársfjórðungi 2010 var fjöldi heimsókna 1.921 sem gera um 27 heimsóknir á dag að meðaltali. Fyrir utan forsíðu eru flestar heimsóknir á myndasíðu, síðu með upplýsingum um stjórnir, greinar og viðburði.

Tæplega 47% gesta á síðunni fara beint inn á síðuna þ.e. ekki í gegnum leitarvél eða með link af öðrum síðu sem bendir til þess að lénið sé nokkuð þekkt meðal notenda. Um 35% fara á síðuna í gegnum aðrar síður (linkar) og 18% finna síðuna á leitarvélum. Fjöldi birtra greina á gardar.is frá september 2009 til apríl 2010 eru 50 samanborið við 16 greinar á sama tímabili fyrir ári síðan. Myndir frá 12 viðburðum hafa verið settar upp á gardar.is á starfsárinu.

VIII. Sveitarstjórnarkosningar

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 29. maí 2010. Kosningastjórar voru ráðnir til að skipuleggja kosningabaráttuna. Stjórnarmenn komu að undirbúningi og unnu við hina

margvíslegu viðburði sem haldnir voru í aðdraganda kosninga svo sem kosningahátíð á sumardaginn fyrsta, fjölskylduhátíð, stefnumótunarfund með íbúum, hverfafundi, dreifingu á kaffipokum inn á öll heimili í bænum kvöldið fyrir kjördag og kosningakaffi á sjálfan kjördaginn.

IX. Annað

Í tilefni af 50 ára afmæli félagsins var hannað sérstakt lógó sem notað var í kynningum á afmælishátíðinni.



Garðabær, 14. júní 2010

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður